

Heilsuleikskólinn Suðurvellir



Skólanámskrá 2025



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
1. Inngangur	2
2. Heilsuleikskólinn Suðurvellir	3
3. Stefna leikskólans	4
3.1 Heilsustefnan	4
3.2 Leikur að læra	5
3.3 Leikur og nám	6
3.3.1 Val	7
3.3.2 Hópastarf	8
3.3.3 Útivera	9
3.4 Viðurkennandi samskipti	9
3.5 Skapandi starf	10
3.6 Útinám	11
3.7 Könnunarleikur	12
3.8 Heildtæk skólastefna	12
3.9 Leiðarljós leikskólastarfsins	13
4. Samþætt og skapandi leikskólastarf	14
4.1 Læsi og samskipti	14
4.2 Heilbrigði og vellíðan	16
4.3 Sjálfbærni og vísindi	18
4.4 Sköpun og menning	20
5 Samstarf heimilis og leikskóla	21
5.1 Foreldrafélag	22
5.2 Foreldraráð	22
5.3 Foreldrasamtöl	23
6. Samstarf leik- og grunnskóla	23
6.1 Skólaskil milli leik- og grunnskóla	24
7. Mat og eftirlit	24
7.1 Ytra mat á leikskólastarfi	25
7.2 Innra mat á leikskólastarfi	25
7.2.1 Langtímaáætlun um innra mat	26
7.2.2 Mat barna	27
7.2.3 Mat starfsmanna	28
7.2.4 Mat foreldra	28
7.2.5 Matstæki	29

1. Inngangur

Leikskólar eru menntastofnanir þar sem markmiðið er að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra barna og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Í hverjum leikskóla er skólanámskrá gefin út og leikskólastjóri er ábyrgur fyrir gerð hennar.

Skólanámskrá Suðurvalla mótast af þeim áherslum sem lagðar eru í Aðalnámskrá leikskóla 2011 og með breytingum á Aðalnámskrá 2023, lögum um leikskóla 2008 og reglugerðum þar um. Einnig sérstökum áherslum leikskólans, þeim aðstæðum sem hann býr við og skólastefnu Sveitarfélagsins Voga.

Skólanámskránni er þannig ætlað að draga fram sérstöðu leikskólans, vera leiðarvísir starfsfólks um markmið og leiðir í starfi og veita foreldrum upplýsingar um starf leikskólans. Jafnframt er skólanámskrá grundvöllur þess að hægt sé að leggja mat á uppeldisstarfið í leikskólanum.

Leikskólastarfið er í stöðugri þróun og því er gert ráð fyrir að skólanámskráin verði endurskoðuð annað hvert ár.

Skólanámskrá Suðurvalla kom fyrst út í mars 2003, hún hefur reglulega verið uppfærð og hér gefur að líta sjöundu útgáfu skólanámskrár. Allur starfsmannahópurinn kom að gerð skólanámskrár og foreldraráð leikskólans fékk hana til umsagnar.

Það er von okkar að námskráin varpi ljósi á starf leikskólans og verði sá leiðarvísir sem henni er ætlað að vera.

Sveitarfélaginu Vogum, janúar 2025

Fyrir hönd starfsmanna Heilsuleikskólans Suðurvalla,

Heiða Hrólfsdóttir, leikskólastjóri

Ragnhildur Hanna Finnbogadóttir, aðstoðarleikskólastjóri

Sigrún Ólafsdóttir, deildarstjóri

2. Heilsuleikskólinn Suðurvellir

Leikskólinn Suðurvellir tók til starfa 9. október 1991. Frá stofnun hans og fram til ársins 2001 var hann ein deild en þá um haustið opnuðu tvær deildir og miðrymi til viðbótar. Árið 2024 bættist við fjórða deildin, færanleg kennslustofa sem stendur við hlið leikskólans.

Leikskólinn er fjögurra deilda og nemendur eru á aldrinum átján mánaða til sex ára. Dvalartími þeirra er frá fjórum klst. upp í átta og hálf klst. á dag. Leikskólinn er opinn alla virka daga frá kl. 7:30 - 16:30. Deildirnar eru aldurskiptar. Þær heita Lágibjalli, Lyngbjalli, Suðurkot og Háibjalli. Í sameiginlegu rými skólans er matsalur, íþróttasalur, listaskáli, kennarastofa, sérkennslurými og starfsmannaaðstaða.

Umhverfi leikskólans hefur upp á margt að bjóða, stutt er í svæði þar sem unnt er að njóta útivistar og vettvangsferða. Fjaran er t.d. í göngufæri við leikskólann og stutt í móann, Aragerði og önnur opin svæði.

Tekin var upp Heilsustefna í leikskólanum 2004 og Suðurvellir fengu formlega viðurkenningu sem Heilsuleikskóli þann 20. október 2005.

Einkunnarorð leikskólans er „Heilbrigð sál í hraustum líkama“.

Frekari upplýsingar um leikskólann má finna á heimasíðu hans, slóðin er eftirfarandi: <http://www.sudurvellir.leikskolinn.is>

Rekstraraðili leikskólans er Sveitarfélagið Vogar.

3. Stefna leikskólans

Hlutverk leikskólans er meðal annars að búa börnin undir áskoranir og verkefni daglegs lífs. Nám í leikskóla þarf að byggjast á námssamfélagi sem einkennist af grunnþáttum menntunar. Þeir eru: Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Við skipulag leikskólastarfs skal lögð áhersla á nám og menntun barnanna. Kennsluáferðir, samskiptahættir, námsgögn og kennslutæki eiga að beinast fyrst og fremst að því að styðja við nám barnanna.

Grunnþættir menntunar endurspeglast í námssviðum leikskólans.



3.1 Heilsustefnan

Suðurvellir er heilsuleikskóli sem vinnur eftir viðmiðum heilsustefnunnar sem er að finna á vefslóðinni: <http://heilsustefnan.is>

Markmið heilsustefnunnar er að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar. Hugmyndafræðin er sú að ef barn fær holla næringu og hæfilega hreyfingu, þá sprettur fram þörf til að skapa.

Yfirmarkmið leikskólans er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi.

3.2 Leikur að læra

Leikur að læra er kennsluaðferð þar sem börnum á aldrinum tveggja til tíu ára eru kennd öll bókleg fög í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun á skipulagðan, líflegan og árangursríkan hátt.

Leikur að læra byggir meðal annars á rannsóknum Bransford, Brown og Cocking á heilastarfsemi barna um líffræðileg áhrif náms og hreyfingar. Hreyfing er manninum eðlislæg og öll skynhreyfi reynsla eykur varðveislu þekkingar. Hreyfing hefur einnig áhrif á hæfileika til að varðveita nýja þekkingu eða kunnáttu og endurkalla hana.

Markmið

- ✓ Að börnin læri og upplifi námsefni í gegnum mismunandi skynfæri.
- ✓ Að mæta þörfum barnanna fyrir leik og hreyfingu
- ✓ Að efla andlega og líkamlega heilsu barnanna

Leiðir

- ✓ Við notum kennsluaðferðir Leikur að læra með öllum börnum a.m.k. tvisvar sinnum í viku.
- ✓ Við leggjum inn mismunandi þekkingu og notum hreyfingu til að festa þekkingu í sessi.
- ✓ Við notum kennsluaðferðir Leikur að læra bæði úti og inni.
- ✓ Við bjóðum upp á foreldra verkefnið Á leiðinni inn á þriðjudögum og fimmtudögum í september, október, nóvember, febrúar, mars og apríl.

3.3 Leikur og nám

Leikur er hornsteinn leikskólustarfsins, hann er lífstjáníng barna, ríkjandi athöfn og mikilvægasta náms- og þroskaleið þeirra. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningsform barna og í leik læra þau margt sem enginn getur kennt þeim. Þegar börn leika sér þroska þau með sér margvíslega hæfileika, í leiknum felst því mikið sjálfsnám.



Sjálfsprottinn leikur greinist frá öðru atferli í því að hann er skapandi og börnin stjórna honum sjálf. Í leiknum fá börn útrás fyrir hugmyndaflug sitt og sköpun. Leikurinn þróast í gegnum líkamlegar athafnir, út frá upplifunum og hugarheimi

þeirra. Í leik vinna börn m.a. úr tilfinningum sínum, samskiptareglur lærast, ákvarðanir eru teknar og þau ná að takast betur á við áskoranir, náð ávinningi og sýnt seiglu. Smám saman verða félagsleg einkenni leiksins ljósari og talað mál meira áberandi. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Af leik sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar og ný færni verður til.

Í dagskipulagi Suðurvalla gefst börnum góður samfelldur tími til leiks jafnt innan dyra sem utan. Við leggjum áherslu á fjölbreytilegt leikefni og opinn efnivið sem hæfir þroska barnanna, áhuga þeirra og getu. Jafnvægi ríkir á milli ólíkra þátta í dagskipulagi, börnin leika frjálst, fara í skipulagða leiki, leika úti og inni, vinna í hóp og að einstaklingsverkefnum. Unnið er markviss að því að leggja grunn að íslenskunámi barna og veita þeim ríkuleg tækifæri til að efla málfærni sína í daglegu starfi og leik.

Ábyrgð starfsmanna er að vera til staðar, styðja við leikinn og taka þátt í honum á forsendum barnanna og leiksins.

3.3.1 Val

Í vali er lögð áhersla á að börnin njóti þess sem sjálfssprottinn leikur með opinn efnivið hefur upp á að bjóða og þeim er gefinn góður tími til leikja. Valið er umgjörð um frjálsa leikinn, boðið er upp á fjölbreytt viðfangsefni og börnin geta valið sér svæði allt eftir áhugasviði sínu. Við vinnum markvisst gegn stöðluðum kynímyndum og gætum þess að leikefni stuðli að jafnrétti. Við teljum að börnin læri mest og best þegar áhugi þeirra ræður för, þ.e. gleði yfir því sem þau eru að fást við og vellíðan með það sem þau eru að gera. Börnin geta því farið á milli valsvæða eins og þau langar til, valið sér leikfélaga og verið þá tímalengd sem þeim hentar.

Markmið

- ✓ Að stuðla að sjálfræði barnsins
- ✓ Að bjóða upp á fjölbreytta leikmöguleika
- ✓ Að nýta vel rými og búnað skólans
- ✓ Að leikefni mismuni ekki kynjunum

Leiðir

- ✓ Börnin velja viðfangsefni eftir áhugasviði
- ✓ Boðið er upp á opinn efnivið sem eykur sköpunargleði og þroskar hug barnsins
- ✓ Leikefni er yfirfarið með jafnréttissjónarmið og fjölbreytni í huga

3.3.2 Hópastarf

Í hópastarfi fara börnin í listsköpun, hreyfingu og vettvangsferðir þar sem unnið er með námssvið leikskólans og áhersluþætti Heilsustefnunnar. Hópastarf fer fram í aldursskiptum hópum. Öll börn leikskólans taka þátt í slíku starfi.

Markmið

- ✓ Að vinna með áhersluþætti heilsustefnunnar
- ✓ Að efla félagsfærni
- ✓ Að börnin sýni öðrum umhyggju og umburðarlyndi.
- ✓ Að efla færni barnanna í framsögn, tjáningu og hlustun
- ✓ Að börnin öðlist sjálfstraust

Leiðir að markmiðum:

- ✓ Við vinnum markvisst með íþróttir, listsköpun og vettvangsferðir
- ✓ Við vinnum að sameiginlegum verkefnum
- ✓ Við hlustum á skoðanir hvers annars og virðum ólíkar skoðanir
- ✓ Við komum hvert öðru til hjálpar
- ✓ Við berum virðingu fyrir fjölbreytileikanum
- ✓ Við æfum okkur í frásögn og hlustum hvert á annað
- ✓ Við hvetjum börnin og hrósum

3.3.3 Útivera

Útivera er fastur liður í dagskipulagi leikskólans. Úti geta börnin hreyft sig óhindrað og fá tækifæri til sjálfsprottinna leikja. Með því að börnin fari út á hverjum degi í öllum veðrum aðlagast þau hinu fjölbreytta íslenska veðurfari og öðlast færni í að velja sér fatnað eftir veðri.



Markmið:

- ✓ Að öll börn njóti útivistar daglega til heilsueflingar
- ✓ Að börnin uppgötvi leik utandyra
- ✓ Að útileiksvæðið sé aðlaðandi og öruggt

Leiðir :

- ✓ Útivera er fastur liður í dagskipulagi leikskólans
- ✓ Útisvæði býður upp á fjölbreytta hreyfingu og leikmöguleika
- ✓ Starfsmenn skipta sér niður á leiksvæði á lóðinni og sýna leik barnanna áhuga
- ✓ Starfsmenn og börn halda lóðinni snyrtilegri
- ✓ Reglubundið eftirlit er með lóð leikskólans, þ.e. öryggi leikvallartækja og leiksvæðis

3.4 Viðurkennandi samskipti

Virðing og umhyggja eru leiðandi hugtök í leikskólanum. Við leggjum áherslu á gæði í samskiptum og teljum að andleg og líkamleg vellíðan barnanna sé grunnur að öllu námi. Horft er til samskiptakenningar Berit Bae um viðurkennandi samskipti.

Haft er að leiðarljósi að viðhorf, viðmót og öll framkoma okkar gagnvart börnunum skapar forsendur fyrir þroskamöguleika þeirra. Viðurkennandi samskipti byggja á lýðræðislegri hugsun þar sem samskipti fullorðins og barns eru á jafningjagrundvelli. Með viðurkennandi samskiptum er stuðlað að þróun jákvæðrar sjálfsmyndar hjá börnunum þar sem upplifanir og tilfinningar þeirra eru virtar. Við teljum að með viðurkennandi samskiptum fái börnin góða upplifun af því að læra nýja hluti og þannig verði þau móttækilegri fyrir nýrri þekkingu.

Samskipti eru grundvallarþáttur í öllu starfi í leikskóla og kenning Berit Bae bendir á mikilvægi þess að vandað sé til þeirra og að starfsfólkið sé góð fyrirmynd barnanna.

3.5 Skapandi starf

Í leikskólanum lítum við á börnin sem skapandi, hæfileikaríka og sterka einstaklinga. Hlutverk starfsfólks er að veita börnunum hvatningu og stuðning til að þau þroskist og vaxi á eigin forsendum.

Í leikskólanum er áhersla lögð á skapandi starf og að börnin fái tækifæri til að tjá upplifanir sínar og reynslu á sem fjölbreytilegastan hátt í þeim tilgangi að efla frumkvæði og skapandi hugsun.

Til að ýta undir skapandi hugsun er efniviður leikskólans fjölbreyttur og opinn. Opinn efniviður er leikefni sem ekki felur í sér fyrirfram gefnar lausnir heldur höfðar til sköpunarkrafts, gagnrýnninnar hugsunar og leikgleði sem heldur öllum möguleikum opnum.

3.6 Útinám

Öll börn leikskólans fara í vettvangsferð einu sinni í viku. Í vettvangsferðum fer fram útinám þar sem starfið er fært út fyrir

leikskólann með skipulögðum hætti.

Náttúrulegt og manngert umhverfi býður upp á óteljandi tækifæri til að kanna og uppgötva nýja hluti. Í vettvangsferðum eru börnin hvött til þess að nota öll skynfærin, bragð, sjón, heyrn, lykt og snertiskyn, til þess að læra um nánasta umhverfi. Börnin gera tilraunir og skoða hringrásir í náttúrunni.



Markmið:

- ✓ Að vekja börnin til umhugsunar um umhverfið og áhrif þeirra á það
- ✓ Að börnin styrkist í að afla sér upplýsinga með því að nýta náttúruna og umhverfið
- ✓ Að efla hópkennd og samvinnuhæfni

Leiðir:

- ✓ Við nýtum okkur náttúruna og umhverfið til þess að læra í gegnum leik
- ✓ Við vinnum út frá hugmyndum barnanna
- ✓ Við vinnum með markvissa málörvun, og vekjum athygli á rituðu máli í umhverfinu
- ✓ Við vinnum með stærðfræðileg viðfangsefni; tölur, tákni og mynstur, rými, fjarlægðir og áttir

3.7 Könnunarleikur

Í starfi með yngstu börnunum er horft til Elinor Goldschmied sem hefur útfært áhugaverða leikaðferð fyrir yngstu börnin í leikskólanum, „heuristic play with objects“, sem hefur verið þýtt með hugtakinu könnunarleikur. Könnunarleikur er góð viðbót við nám yngstu barnanna og er grunnur að áframhaldandi leiknámi með opinn efnivið. Börn á þessum aldri hafa þörf fyrir að kanna umhverfi sitt og uppgötva eiginleika og eðli hluta á eigin forsendum. Leikurinn veitir börnunum tækifæri til að örva öll skynfæri sín, æfa notkun orða og hugtaka í rólegu og öruggu umhverfi í nálægð fullorðinna. Í könnunarleiknum eflist einbeiting barnanna og grunnur myndast að því að finna skapandi lausnir.

3.8 Heildtæk skólastefna

Á Suðurvöllum er litið á hvert barn sem hæfan og skapandi einstakling og öll börn fá að njóta sín í leiknum á eigin forsendum. Við störfum eftir hugmyndafræði heiltækrar skólastefnu sem byggir á því að aðstoða börn með sérþarfir sem mest í barnahópnum. Með þessu tryggjum við öllum börnum jafnan rétt til að þroskast og dafna. Sérkennsla fléttast að mestu inn í daglegt starf leikskólans og er eðlilegur þáttur af starfseminni.

Við skólann starfar sérkennslustjóri, en hann hefur umsjón með sérkennslu og ber ásamt leikskólastjóra ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslu. Sérkennslustjóri er faglegur umsjónarmaður sérkennslu í leikskólanum, sér um samskipti við foreldra, sérfræðinga og ráðgjafa sem að málum koma.

Einstaklingsnámskrár eru unnar af sérkennslustjóra og deildarstjóra í samráði við foreldra.

Deildarstjóri barns með sérþarfir skipuleggur hvernig best er að vinna samkvæmt einstaklingsnámskrá á deild barnsins. Hann leggur áherslu á samvinnu og sameiginlega ábyrgð.

3.9 Leiðarljós leikskólastarfsins

Starfsmenn hafa sammælt um að virðing, umhyggja, samvinna og gleði verði leiðarljós okkar í starfinu hér á Suðurvöllum. Leiðarljósinn fléttast inn í alla starfs- og kennsluhætti leikskólans.

Virðing:

- ✓ Við fögnum fjölbreytileikanum
- ✓ Við sýnum tillitssemi og hlustum á hvort annað
- ✓ Við eigum uppbyggilega umræðu
- ✓ Við erum heiðarleg og kurteis

Umhyggja:

- ✓ Við sýnum kærleika og umhyggju í orði og verki
- ✓ Við hrósum og hvetjum
- ✓ Við sýnum hjálpssemi og hlýju

Samvinna:

- ✓ Við sköpum andrúmsloft sem einkennist af trausti og friðsæld
- ✓ Við höfum skýrt skipulag og skýrar reglur
- ✓ Við leggjum áherslu á gott upplýsingaflæði
- ✓ Við vinnum saman sem ein heild
- ✓ Við erum samstíga

Gleði:

- ✓ Við ræktum gleðina með jákvæðri hugsun
- ✓ Við brosum, hlæjum og höfum gaman
- ✓ Við höfum húmor

4. Samþætt og skapandi leikskólastarf

Námssvið leikskólans eru áhersluþættir í leikskólanámi og eru samofinn undirstöðuþáttum leikskólastarfsins, þau eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi.

4.1 Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér hæfni barna til þess að lesa umhverfið sitt og tjá upplifanir sínar. Tungumálið er mikilvægasta boðskiptaleið manna. Með því tjáum við tilfinningar, líðan, skoðanir og hugsanir okkar. Tungumálið tengir fólk saman, eflir samkennd og er ríkur þáttur í menningu þjóða. Í leikskólanum okkar er málrækt grundvallarþáttur og rauður þráður í daglegu starfi og fléttast inn í alla þætti þess. Börn á leikskólaaldri eru á næmiskeiði máltöku og því leggur starfsfólk áherslu á að vanda mál sitt.



Í leikskólanum læra börnin um lýðræði og eru virkir þátttakendur í að skapa lýðræðislegan skólabrag sem einkennist af jafnrétti og samkennd.

Markmið:

- ✓ Að eiga í uppbyggilegum samskiptum
- ✓ Að skapa börnunum fjölbreyttar aðstæður til að tjá upplifun sína og hugmyndir í leik og skapandi starfi
- ✓ Að börnin kynnist tungumálinu og möguleikum þess
- ✓ Að börnin öðlist skilning á að ritað mál og tákni hafa merkingu

- ✓ Að nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar
- ✓ Að velta vöngum yfir eigin menningu og samfélagi og menningu annara þjóða

Leiðir:

- ✓ Við vöndum okkur í samskiptum hvert við annað
- ✓ Við hvetjum börnin til þess að segja frá og hlusta á aðra
- ✓ Við eflum börnin í að rökstyðja mál sitt og vera gagnrýnin í hugsun
- ✓ Við spyrjum opinna spurninga og hvetjum til samræðna
- ✓ Við ýtum undir að hugmyndir og upplifanir barnanna fái að njóta sín
- ✓ Við bjóðum upp á opinn og fjölbreyttan efnivið
- ✓ Við gefum leik og skapandi starfi tíma
- ✓ Við erum fyrirmyndir barnanna og leggjum okkur fram við að vanda mál okkar
- ✓ Við hlustum á og semjum sögur, ljóð, þulur og ævintýri
- ✓ Við vinnum á skipulagðan hátt með hljóðkerfisvitund barnanna
- ✓ Við setjum orð á athafnir í dagsins önn
- ✓ Við mætum hverju barni þar sem það er statt
- ✓ Við styrkjum sjálfsprottinn áhuga á ritmáli og lestri
- ✓ Við höfum ritmál og tákni sýnileg
- ✓ Við veitum börnunum tækifæri til þess að þróa með sér læsi á nánasta umhverfi
- ✓ Við bjóðum upp á margvíslega tækni og leiðir til að nálgast upplýsingar
- ✓ Við höldum upp á merkisdaga á dagatali og veltum fyrir okkur eigin menningu og annarra

4.2 Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði byggist á andlegri, félagslegri og líkamlegri vellíðan. Í leikskólanum hlúum við að þessum þáttum með því að mæta þörfum hvers barns. Gott dagskipulag veitir börnunum ákveðna festu og öryggi. Sjálföruggt og ánægt barn á auðveldara með að leika sér og tileinka sér þekkingu.

Í markvissri hreyfipjálfun eflist alhliða þroski barnsins og það öðlast betri líkamsvitund og góða líkamlega færni. Hreyfing hefur jákvæð áhrif á félagsfærni og leikgleði sem eflir vinabönd.

Hvíld er mikilvægur þáttur fyrir líkamlega og andlega vellíðan. Í dagskipulagi leikskólans er gert ráð fyrir hvíldarstund.

Í leikskólanum leggjum við mikla áherslu á að börnin fái hollan og næringarríkan mat úr öllum

fæðuflokkunum. Við samsetningu matseðla er tekið mið af markmiðum

Landlæknisembættisins varðandi næringu barna. Matmálstímar eru róleg gæðastund þar sem börn og fullorðnir borða og spjalla saman. Með auknum aldri og þroska eflist færni við matarborð og í almennum borðsiðum.

Í leikskólanum stefnum við að því að vera með eins eiturefnalaust námsumhverfi og unnt er, þar með talið; efniviður, fæði og hreinsiefni.

Markmið:

- ✓ Að skapa börnunum öryggiskennd
- ✓ Að börnin tileinki sér persónulega umhirðu
- ✓ Að börnin fái hollan og næringarríkan mat



- ✓ Að bjóða börnunum upp á fjölbreytta hreyfingu og útivist
- ✓ Að börnin hvíli sig í erli dagsins
- ✓ Að stuðla að þróun jákvæðrar sjálfsmyndar hjá börnunum

Leiðir:

- ✓ Við hugum að og ræðum um líðan og tilfinningar barnanna
- ✓ Við bjóðum upp á leikefni sem hæfir aldri og þroska barnanna
- ✓ Við sköpum öruggt umhverfi og erum ávallt til staðar fyrir börnin
- ✓ Við sýnum börnunum hlýlegt viðmót
- ✓ Við þrífum leikföng og annan efnivið reglulega
- ✓ Við hjálpumst að við að ganga frá leikefni eftir notkun
- ✓ Börnin þvo sér um hendur fyrir og eftir máltíðir, eftir útiveru og salernisferðir
- ✓ Við leggjum áherslu á að börnin tileinki sér góða umgengni og snyrtimennsku
- ✓ Við eldum mat frá grunni úr fjölbreyttu hráefni
- ✓ Við kynnum íslenskar matarhefðir fyrir börnunum
- ✓ Við ræðum jákvætt um matinn og hvetjum börnin til að smakka
- ✓ Útivera er fastur liður í dagskipulagi leikskólans
- ✓ Útisvæði býður upp á fjölbreytta hreyfingu og leikmöguleika
- ✓ Allir hópar fara í skipulagðar hreyfistundir í íþróttasal sem hæfa aldri og þroska
- ✓ Allir hópar fara einu sinni í viku í vettvangsferð
- ✓ Við sköpum friðsælt og róandi umhverfi
- ✓ Við vinnum með styrkleika barnanna
- ✓ Starfsfólk tekur þátt í leik barnanna og ræðir úrlausnir á deilumálum
- ✓ Við hjálpum börnunum að þekkja eigin tilfinningar og setja sig í spor annarra
- ✓ Við temjum okkur kurteisi og virðingu fyrir hvert öðru

4.3 Sjálfbærni og vísindi

Í leikskólanum leggjum við áherslu á að börnin fái tækifæri til að upplifa náttúruna og njóta þeirrar vellíðanar sem sú upplifun veitir. Við nýtum okkur náttúruna og umhverfið til þess að læra í gegnum leik.



Í vettvangsferðum verður ýmislegt á vegi okkar sem börnunum finnst forvitnilegt og hafa þörf fyrir að skoða nánar. Börnin læra um bæinn sinn, að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og þau fá tækifæri til að safna efnivið sem unnið er með í hópastarfi.

Börnin gera tilraunir og fá margvísleg tækifæri til að kynnst eiginleikum hluta og krafta og velta fyrir sér vísindalegum viðfangsefnum.

Markmið:

- ✓ Að börnin læri að virða náttúruna, umhverfið og þær auðlindir sem við eigum
- ✓ Að vekja börnin til umhugsunar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun
- ✓ Að börnin upplifi breytileika náttúrunnar eftir árstíðum
- ✓ Að börnin kynnist lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra
- ✓ Að börnin skoði eðli ýmissa krafta og birtingarmyndir þeirra í umhverfinu
- ✓ Að kynna fyrir börnunum ýmsa upplýsingamiðla og tækni, gildi þeirra og takmarkanir
- ✓ Að vinna að stærðfræði- og vísindalegum viðfangsefnum

Leiðir:

- ✓ Við förum í vettvangsferðir og upplifum náttúruna og umhverfi leikskólans

- ✓ Við göngum vel um náttúruna, tínum rusl og höfum snyrtilegt í kringum okkur
- ✓ Við ræðum um hvar má ganga og hvar ekki
- ✓ Við skoðum hvernig náttúruauðlindir eru okkur mikilvægar, virðum jörðina og gjafir hennar
- ✓ Við njótum náttúrunnar með því að nota skynfærin og gleðjast yfir henni
- ✓ Við ræktum grænmeti, setjum niður fræ og njótum uppskerunnar
- ✓ Við veltum vöngum yfir hvernig við getum stuðlað að sjálfbærri þróun og minnkað vistspor okkar
- ✓ Við temjum okkur hóflega notkun
- ✓ Við hvetjum börnin til að fara vel með eigur sínar, leikskólans og annarra
- ✓ Við sóum ekki matvælum
- ✓ Við vekjum börnin til umhugsunar um að við erum hluti af hringrás náttúrunnar
- ✓ Við upplifum breytileika í náttúrunni eftir árstíðum
- ✓ Við skoðum fyrirbæri og krafta í náttúrunni
- ✓ Við skoðum lífverur og lífshætti þeirra í okkar umhverfi
- ✓ Við kynnum ýmsa upplýsingamiðla fyrir börnunum og aðstoðum þau við notkun þeirra
- ✓ Við vinnum í samstarfi við aðra
- ✓ Við lærum um stærðfræðileg hugtök í daglegu starfi og nýtum til þess nánasta umhverfi
- ✓ Við gerum ýmsar tilraunir
- ✓ Við flokkum sorp og erum meðvituð um endurvinnslu og endurnýtingu

4.4 Sköpun og menning

Börn á leikskólaaldri hafa ríka þörf fyrir að tjá sig á myndrænan og skapandi hátt. Sköpun er góð leið til að tjá tilfinningar sínar og upplifanir. Börn eru getumiklir og skapandi einstaklingar og því leggjum við áherslu á að þau fái að gera tilraunir á eigin forsendum.



Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir barnanna fá að njóta sín.

Við leggjum ríka áherslu á tónlist í leikskólastarfinu. Við notum tónlist á fjölbreyttan hátt s.s. í söng, hreyfingu, hlustun og hljóðfæraleik. Tónlist eykur gleði og léttir lund.

Margvísleg menning er mikilvægur þáttur í uppeldi leikskólabarna. Í leikskólanum læra börnin að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og upplifa að þau séu hluti af lýðræðissamfélagi. Hefðir og hátíðisdagar eiga sinn fasta sess í daglegu starfi.

Markmið:

- ✓ Að sköpunargleði barnanna fái að njóta sín
- ✓ Að börnin fái að kanna og vinna með margvíslegan efnivið
- ✓ Að börnin læri texta og taki þátt í söng
- ✓ Að börnin njóti fjölbreyttrar menningar og lista
- ✓ Að börnin taki virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum
- ✓ Að börnin fái tækifæri til að vinna verk sem byggjast á eigin frumkvæði, að skapa og tjá upplifun sína, svo sem í myndlist, tónlist, söng, dansi og leikrænni tjáningu

- ✓ Að börnin fái tækifæri til að kynna og vinna með listafólki á ýmsum sviðum menningar og lista

Leiðir:

- ✓ Við höfum í huga að sköpunarferlið er mikilvægara en útkoman
- ✓ Börnin fá tækifæri til þess að tjá þau hughrif sem tónlist, leiklist og myndlist vekur
- ✓ Börnin túlka hugmyndir sínar með mismunandi efnivið og gera tilraunir
- ✓ Við nýtum umhverfið og náttúruna sem uppsprettu til sköpunar
- ✓ Við vinnum markvisst með að tengja saman ýmis tjáningarform
- ✓ Börnin fá að kynna fjölbreytileika hljóðfæra og annarra hljóðgjafa
- ✓ Við vinnum markvisst með tónlist og hreyfingu
- ✓ Við fléttum söng inn í flesta þætti leikskólastarfsins
- ✓ Við kynnum okkur eigin menningu og annarra
- ✓ Við nýtum upplýsingatækni til að kynna börnunum listir og menningu
- ✓ Við höldum hátíðlega daga sem tengjast barnamenningu
- ✓ Við bjóðum upp á leiksýningar og aðra listviðburði
- ✓ Við nýtum okkur þau tækifæri sem bjóðast til að vinna með lista- og handverksfólki

5 Samstarf heimilis og leikskóla

Foreldrar bera megin ábyrgð á velferð og uppeldi barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Góð samvinna og traust milli foreldra og starfsmanna er undirstaða þess að barninu líði vel í leikskólanum. Við erum sveigjanleg í samskiptum og komum til móts við óskir foreldra eins og okkur er unnt.

Markmið:

- ✓ Að foreldrar upplifi notalegt andrúmsloft þegar komið er í leikskólann
- ✓ Að skapa jákvæð tengsl við börn og foreldra
- ✓ Að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- ✓ Að veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum
- ✓ Að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans

Leiðir:

- ✓ Við heilsum og kveðjum hlýlega
- ✓ Við hvetjum börnin til þess að kveðja foreldra sína
- ✓ Við höldum reglulega foreldrafundi
- ✓ Nálsgast má gagnlegar upplýsingar á heimasíðu leikskólans og í Karellen appi
- ✓ Við bjóðum foreldrum í samtöl tvisvar á ári
- ✓ Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann
- ✓ Við bjóðum fjölskyldum barnanna á hinar ýmsu upptökur árið um kring

5.1 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann Suðurvelli og eru félagar þess foreldrar og forráðamenn barna í leikskólanum. Stjórn foreldrafélagsins er skipuð foreldrum og fulltrúa leikskóla. Stjórn félagsins er endurkjörin á hverju hausti á foreldrafundi.

Markmið foreldrafélagsins er að tryggja velferð barnanna sem best með því að efla tengsl og samvinnu foreldra og starfsfólks.

5.2 Foreldraráð

Við leikskólann Suðurvelli er starfandi foreldraráð. Ráðið er skipað fulltrúum foreldra og leikskóla. Stjórn foreldraráðs er endurkjörin árlega á foreldrafundi í september.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðinu er ætlað að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Kosning í foreldraráð fer fram eigi síðar en í september og kosið er til eins árs í senn.

5.3 Foreldrasamtöl

Foreldrum er boðið í samtöl tvisvar á ári. Þar gefst starfsfólki og foreldrum tækifæri til að ræða saman um líðan, nám og þroska barna heima og í leikskólanum.

6. Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarfið byggir á að brúa bilið milli leikskólans og grunnskólans. Tilgangurinn er að styrkja börnin í að takast á við þær breytingar sem verða þegar grunnskólaganga hefst. Á síðastliðnum árum hefur mikil samvinna verið milli Heilsuleikskólans Suðurvalla og Stóru-Vogaskóla og búið er að móta ramma um samstarfið.

Markmið:

- ✓ Að skapa samfellu í námi barnanna milli skólastiga
- ✓ Að kennarar beggja skólastiga öðlist skilning á starfi hvers annars
- ✓ Að stuðla að vellíðan barna við flutning milli skólastiga
- ✓ Að börnin upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald leikskólans
- ✓ Að miðlun upplýsinga um hag barnanna milli skólastiga sé skilvirk, með það í huga að tryggja velferð, menntun og þroska nemenda.
- ✓ Að stuðla að þátttöku foreldra við flutning milli skólastiga

Leiðir:

- ✓ Leik- og grunnskólakennarar vinna saman að markmiðum

- ✓ Samráð og gagnkvæmar heimsóknir barnanna eru markviss þáttur í starfinu
- ✓ Elstu börn leikskólans fá góða kynningu á grunnskólanum, bæði að innan og utan
- ✓ Elstu börn leikskólans fara í skipulagðar heimsóknir þar sem þau kynnast dagskipulagi og innihaldi starfsins í grunnskólanum
- ✓ Nemendur í 1. bekk koma í skipulagðar heimsóknir í leikskólann
- ✓ Elstu börn leikskólans sækja íþróttatíma í íþróttahúsinu
- ✓ Teymis- og skilafundir eru að vori
- ✓ Á vorönn er foreldrum elstu barna boðið á kynningarfund um samstarf leik- og grunnskóla

6.1 Skólaskil milli leik- og grunnskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla 16.gr 90/2008 og reglugerð 896/2009, ber leikskólum að skila upplýsingum um barn í leikskóla sem nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla.

Á fundi í júní ár hvert skilar sérkennslustjóri niðurstöðum Hljóm-2 skimunarprófa og skýrslum og greiningum sálfræðings og talmeinafræðings til grunnskólans. Fyllsta trúnaðar er gætt.

Ef teymi hefur verið stofnað kringum barn þá er fulltrúum grunnskólans boðið á síðasta fund vorannar það ár sem grunnskólaganga barnsins hefst. Þar gefst foreldrum og sérfræðingum kostur á að miðla upplýsingum um stöðu barnsins til grunnskólakennara áður en skólaganga hefst og einnig að ákveða nýjan teymisfund að hausti í grunnskólanum.

7. Mat og eftirlit

Mat á skólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt svo þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er

tvíþætt, annars vegar mat sem skólar framkvæma sjálfir og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélagsins, menntamálastofnun eða annarra aðila.

Mati á skólastarfi er meðal annars ætlað að fylgjast með að ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa sé fylgt eftir. Í öðru lagi er markmiðið að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum. Að lokum er tilgangur mats á skólastarfi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

7.1 Ytra mat á leikskólastarfi

Menntamálastofnun eða sveitarfélagið hefur umsjón með ytra mati sem á að felast í úttektum á skólastarfinu eða einstökum þáttum þess.

Fræðslunefnd hefur eftirlit með að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Það er meðal annars gert með því að kalla eftir starfs- og símenntunaráætlunum, skóladagatölum og öðrum áætlunum er við á hverju sinni.

7.2 Innra mat á leikskólastarfi

Leikskólinn ber ábyrgð á innra mati. Matið á að byggjast á kerfisbundnum aðferðum sem birtast í þessari skólanámskrá. Í aðalnámskrá er lagt til að innra matið fléttist saman við daglegt starf og að það eigi að ná til allra þátta skólastarfsins, svo sem stjórnunar, starfs- og kennsluhátta og samskipta innan og utan deilda. Þá er lögð áhersla á að allt skólasamfélagið taki þátt í mati á skólastarfinu.

Innra matið veitir upplýsingar um styrkleika í starfi leikskólans og það sem betur má fara. Í ljósi niðurstaðna innra mats er gerð áætlun um umbætur og skilgreindar leiðir að þeim. Nálgast má upplýsingar um niðurstöður innra mats á heimasíðu

leikskólans. Í starfsáætlun sem gefin er út í ágúst ár hvert koma fram áætlanir um umbætur.

7.2.1 Langtímaáætlun um innra mat

Viðfangsefni	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x		x	
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	x		x	
Faglegt samstarf	x		x	
Leikskólaþróun og símenntun	x		x	
Skólanámskrá, starfsáætlun. Áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	x	x	x	x
Námsvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli án aðgreiningar	x		x	
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks		x		x
Starfsánægja	x	x	x	x

Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun		x		x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni		x		x
Gagnaöflun og vinnubrögð		x		x
Opinber birting og umbætur		x		x
Annað				
Heilsustefnan		x		x
Mat á eigin starfsháttum	x	x	x	x

7.2.2 Mat barna

Við leggjum áherslu á að virða skoðanir og upplifanir barnanna og taka tillit til þeirra sjónarmiða. Við gætum þess að nota fjölbreyttar matsaðferðir sem taka mið af ólíkum tjáningarmáta barnanna. Þær aðferðir sem við notum eru:

Börnin meta starfið í litlum rýnihópum. Þá er einhver hluti leikskólastarfsins undir hverju sinni og kennari spyr opinna spurninga og umræður skapast. Samtölin eru tekin upp og skoðað hvort upp komi þemu sem börnin taka svo þátt í að gera umbótavinnu um.

Mat er lagt á einstaka þætti í dagskipulaginu. Börnin velja myndrænt hvað þeim finnst skemmtilegt eða leiðinlegt. Unnin er úrbótaáætlun um þá þætti er skora lágt. Sömu atriði eru svo metin aftur eftir að breytingar hafa verið gerðar.

Skráningar eftir foreldraviðtöl þar sem skráð er niður ef foreldrar segja frá upplifunum barna sinna.

Unnið er að úrbótum með börnum, foreldrum og starfsfólki.

7.2.3 Mat starfsmanna

Viðhorfskönnun er lögð reglulega fyrir starfsfólk leikskólans. Tilgangurinn með könnuninni er að meta gæði samskipta, stjórnunar og starfsumhverfis.

Auk þess fara fram starfsmannasamtöl tvisvar sinnum á ári. Megin tilgangur þeirra er að kanna viðhorf starfsmanna í starfi ásamt því að ræða frammistöðu starfsmanns. Þá eru einnig ræddar markmiðasetningar, símenntun og önnur mál.

Á starfsmannafundum, starfsdögum og deildarfundum er mat lagt á liðna atburði og sú ígrundun og umræða sem þar fer fram er mikilvægur þáttur í þróun leikskólastarfsins.

7.2.4 Mat foreldra

Í samstarfi við Skólapúlsinn er viðhorfskönnun lögð reglulega fyrir foreldra.

Foreldrakönnunin mælir 29 þætti í sex flokkum, þeir eru: Daglegt leikskólastarf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok leikskólagöngu, sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta, að síðustu eru opnar spurningar.

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári. Farið er yfir skráningu í Heilsubók barnsins sem gefur hlutlausa heildarsýn yfir stöðu barns í öllum þroskaþáttum.

Árlega eru haldnir foreldrafundir þar gefst foreldrum tækifæri til að ræða starfið og skiptast á skoðunum.

7.2.5 Matstæki

Gátlisti heilsustefnunnar: Gátlistinn er notaður sem hluti af árlegu innra mati leikskólans. Allir starfsmenn koma að umræðu um innra mat heilsustefnunnar.

Viðmið og vísbendingar: Við nýtum okkur viðmið og vísbendingar við að meta eftirfarandi fimm þætti í leikskólastarfi. Þeir eru stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mannauður, leikskólabragur og innra mat.

Skráningar í Heilsubók barnsins: Skráning í Heilsubók barnsins fer fram tvisvar á ári, haust og vor og foreldrum er boðið í samtal í kjölfarið.

Heilsubók barnsins hefur að geyma útfærð skráningablöð varðandi þroska og ýmsar upplýsingar um barnið. Skráningin gerir okkur kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins og í samtölum upplýsum við foreldra um stöðu þess í leikskólanum. Skráð er m.a. hæð og þyngd, heilsufar, fjarvera vegna veikinda, næring og svefn, leikur, félagsleg færni/lífsleikni, gróf- og fínhyrfigeta og þróun myndsköpunar.

Hljóm-2 próf: Að hausti eru tekin Hljóm-2 próf á elstu börnum leikskólans. Prófinu er ætlað að kanna hljóðkerfisvitund barnanna.

TRAS: TRAS er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með málþroska tveggja til fimm ára barna. Skráð er tvisvar á ári og farið er yfir niðurstöður í foreldrasamtali. Með TRAS skráningu er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

Efi-2 málþroskaskimun: metur máltjáningu og málskilning barna. Leikskólakennari leggur skimun fyrir öll 3,4 ára börn í leikskólanum.

Snemmtæk íhlutun: Gerð er áætlun um snemmtæka íhlutun þegar skimun leiðir í ljós að seinkun sé á einhverjum þroskaþáttum hjá barni. Þá er farið af stað með vinnu bæði á deild barnsins og heima þar sem lögð er áhersla á að efla viðkomandi þroskaþátt til að sjá hvort barnið nær ekki stöðlunum eða viðmiðum. Ef ekki næst nægjanlegur árangur er barni oft vísað til frekari athugunar hjá sérfræðingi.

Íslenski þroskalistinn: Metur málþroska, sjálfsbjörg og hreyfiþroska barns. Listinn er notaður þegar senda þarf beiðni til sérfræðiþjónustu vegna þroskavanda barns.

Orðaskil: er athugun á orðaforða 18-36 mánaða barna og er notuð ef áhyggjur kvikna þegar barn er á máltökuskeiði.